

Sveitarfélagið Skagafjörður
Skipulags- og byggingarfulltrúi
Skagfirðingabraut 17
550 Sauðárkrókur



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík 6. júní 2016
UST201605-027/K.S.J.
10.04.03

Efni: Lýsing. Tillaga að deiliskipulagi fyrir Hegranesþingstað í landi Garðs í Hegranesi, Sveitarfélaginu Skagafirði.

Við er til erindis skipulags- og byggingarfulltrúa Sveitarfélagsins Skagafjarðar er barst 3. maí sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um lýsingu tillögu að deiliskipulagi fyrir Hegranesþingstað í landi Garðs í Hegranesi.

Skipulagssvæðið

Skipulagssvæðið er 12,5 ha að stærð og er í landi Garðs í Hegranesi og nær yfir Hegranesþingstað og nánasta umhverfi. Í lýsingu kemur fram að svæðið er viðkvæmt fyrir ágangi og uppblæstri og þar er mikil aðsókn ferðamanna. Áætlunin er að skipuleggja svæðið með það að markmiði að bæta aðgengi og umferð ferðamanna um staðinn með skipulagningu bílastæða, stíga, skilta og staðsetja salernisbyggingu. Jafnframt er markmið með skipulaginu að stuðla að verndun og varðveislu minja á svæðinu og græða upp sár á gróðurþekju við minjasvæðið.

Einnig kemur fram í lýsingu að minjar þingstaðarins og fornbylisisins Litla-Garðs taka yfir allstórt þurrt móasvæði í Garðslandi.

Umhverfisstofnun tekur undir það markmið að að í deiliskipulagsvinnunni verði lögð áhersla á að ný mannvirki á svæðinu hafi samræmda og hógværa heildarásynd sem falli vel að sérkennum umhverfisins og virði minjar og náttúru svæðisins.

Náttúruminjar

Fram kemur í lýsingu að ofangreint deiliskipulagssvæði fyrir Hegranesþingstað fer að hluta inn á svæði á náttúruminjaskrá nr. 418, Austara-Eylendið, óshólmasvæði Austari- Héraðsvatna. Einnig kemur fram að ekki er gert ráð fyrir framkvæmdum innan þessa svæðis utan viðhalds og hugsanlega uppbyggingu núverandi aðkomuvegar inn á Hegranesþingstað. Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að votlendi á náttúruminjaskrá verði ekki fyrir röskun, en allt votlendi nýtur sérstakrar verndar skv. 61. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd.

Umhverfisstofnun telur að í ofangreindri lýsingu sé gerð grein fyrir þeim þáttum sem við á, og í því umfangi sem tillagan gefur tilefni til.

Umhverfisstofnun biðst velvirðingar á hve langan tíma hefur tekið að svara erindinu.

Virðingarfyllst

Kristín S. Jónsdóttir

Kristín S Jónsdóttir
Sérfræðingur

Björn Stefánsson
Björn Stefánsson
Sérfræðingur